

Reykjavík 11. mars 2020

Atvinnuveganefnd Alþingis

Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi nr. 40/2013 – þingskjal 985 - 596. mál

N1 hefur borist til umsagnar drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi.

Varðandi 1. grein a: Þar segir, að ráðherra skuli í reglugerð kveða á um tegundir endurnýjanlegs eldsneytis, sem telja megi tvöfalt á við sama magn annars endurnýjanlegs eldsneytis til að uppfylla skilyrði 1. mgr. N1 telur og leggur áherslu á að öllu leyti verði farið eftir þeim reglum sem gilda í nágrannalöndunum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Ekki verði viðbætt sértækum viðbótum eða breytingum sem eru ekki þar í gildi. Það skiptir megin máli að umhverfið sé hið sama þar sem eldsneyti sem er á markaði í Evrópu er allt skv.stöðlum sem eru í samræmi við tilskipanir Evrópusambandsins og Ísland hefur samþykkt að fylgja.

Varðandi 1. grein b: N1 hefur ekki athugasemdir við breytinguna,

Varðandi 2. grein a og b: N1 telur að ný tímamörk í báðum liðum séu til bóta.

Fyrir hönd N1

Magnús Asgeirsson

Alþingi
Atvinnuveganefnd

11. mars 2020

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013, með síðari breytingum (skýrsluskil o.fl.)

Með vísan í umsagnarbeiðni Atvinnuveganefndar frá 27. febrúar síðastliðnum, þá fylgir hér umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Fram kemur í greinargerð frumvarpsins að „Lagt er til að fellt verði niður ákvæði 2. mgr. 3. gr. laganna og að ráðherra kveði þess í stað á um í reglugerð hvaða tegundir endurnýjanlegs eldsneytis megi telja tvöfalt á við sama magn annars endurnýjanlegs eldsneytis, til að uppfylla skilyrði 1. mgr. Í þeirri reglugerð verður settur fram listi yfir það eldsneyti sem má telja tvöfalt til uppfyllingar skilyrða 1. mgr“. Fram kemur að nauðsynlegt „var talið að skilgreina með skýrari hætti hvaða eldsneytistegundir teljist hafa tvöfalt vægi í framlagi til markmiðs laganna. Í ljósi tækniþróunar hefur á undanförunum árum fjölbreyttara úrval endurnýjanlegs eldsneytis komið á markað sem nýtist í fleiri ökutækjum en áður og er lagabreytingin því liður í því að skýra betur hvaða eldsneyti megi telja tvöfalt til að uppfylla skilyrði 1. mgr. 3. gr. laganna.“

Samorka tekur undir megin tillögu frumvarpsins

Samorka tekur undir mikilvægi þess að lögini taki betur tillit til fjölbreyttara úrval endurnýjanlegs eldsneytis og að ráðherra geti í reglugerð kveðið á um hvaða tegundir endurnýjanlegs eldsneytis megi telja á við tvöfalt sama magn annars endurnýjanlegs eldsneytis. Samorka byggir þá skoðun á tvennu: Í fyrsta lagi er eðlilegt að taka tillit til hraðrar tækniþróunar í framleiðslu endurnýjanlegs eldsneyti, í þeim tilgangi að ná fram megin tilgangi laganna – sem er að auka notkun endurnýjanlegs eldsneytis og minnka notkun jarðefnaeldsneytis. Í öðru lagi bendir Samorka á að héraðslendis eru til staðar gríðarlega stór tækifæri fyrir þjóðina í frekari framleiðslu á innlendu endurnýjanlegu eldsneyti, og því er mikilvægt að ráðherra geti tekið tillit til þess eldsneytis í reglugerðinni.

Tækifæri í orkuskiptum

Samorka minnir á að framundan eru þriðju orkuskiptin á Íslandi, sem fela í sér að skipta út notkun á jarðefnaeldsneyti, sérlega í samgöngum á landi, hafi og flugi, fyrir endurnýjanlega orkugjafa. Ísland hefur á undanförunum áratugum náð einstökum árangri í orkuskiptum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir húshitun og raforkuframleiðslu í landinu. Stóra viðfangsefni mannkyns á sviði loftslagsmála er að draga úr brennslu jarðefnaeldsneyta. Hér á Íslandi er stórt tækifæri til að gera það hratt og vel. Í síðasta mánuði voru rafbílur meirihluti seldra bifreiða og vinna orku- og veitufyrirtækin að fullum krafti að uppbyggingu innviða fyrir þau orkuskipti.

Auk rafmagns bendir Samorka á að innanlands eru stór tækifæri til að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti til að skipta út jarðefnaeldsneyti. Hvort sem um er að ræða vetni, metan, metanól, ammóníak, lífdísel eða annað – þá er mögulegt (og hentugt á margan hátt) að framleiða slíkt eldsneyti héraðslendis. **Samorka hvetur því Alþingi og stjórnvöld til að horfa til slíkra möguleika við lagasetningu og stefnumótun á næstu næstu árum. Þar þarf sérstaklega að tryggja að nægilegt framboð af orku sé til staðar til að orkuskiptin geti gengið hratt og vel fyrir sig, og að lagaumhverfi framkvæmda hindri ekki nauðsynlega uppbyggingu innviða.**

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst, f.h Samorku



Páll Erland, framkvæmdastjóri.

Reykjavík, 2. janúar 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
anr@anr.is

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi.

Hinn 9. desember 2019 birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Í áformaskjalinu eru boðaðar lagabreytingar í ljósi töku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 upp í EES-samninginn, samanber ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019 frá 29. mars 2019.

Af 8. tölul. 2. efnisgreinar tilskipunarinnar leiðir að brott fellur svohljóðandi 1. mgr. 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB:

Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingum sé miðlað til almennings um framboð og umhverfislegan ávinning af öllum mismunandi gerðum orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til flutninga. Þegar hlutfall lífeldsneytis sem blandað er í jarðolíuafleiður fer yfir 10% miðað við rúmmál skulu aðildarríkin krefjast þess að það sé tilgreint á sölustöðum.

(Undirstrikun SVP)

Efni 2. másl. framangreindrar 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2009/28/EB var innleitt með 5. mgr. 3. gr. laga nr. 40/2013. Af umfjöllun 2. tölul. H-liðar áformaskjalsins verður ráðið að gert sé ráð fyrir því að málsgreinin falli brott en hún er svohljóðandi:

Ef hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis er meira en 10% af rúmmáli eldsneytisblöndu skal slíkt vera tilgreint með skýrum hætti á sölustað.

Skilningur SVP – Samtaka verslunar og þjónustu er að brottfallið muni eiga sér stað í nánum tengslum við breytingar á viðmiðum orkugilda heildarsölu eldsneytis. Vegna nýrra viðmiða verður sérstök tilgreining yfir 10% hlutfalls endurnýjanlegs eldsneytis af rúmmáli eldsneytisblöndu í raun óþörf á sölustað. Í því ljósi vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvort ekki sé tilefni til breytinga á 2. másl. 3. mgr. 4. gr. og 2. másl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um gæði eldsneytis, nr. 960/2016, sem eru svohljóðandi:

Birgjar skulu tryggja að viðeigandi upplýsingar um lífeldsneytisinnihald bensíns, einkum um viðeigandi notkun á mismunandi bensínblöndum séu tilgreindar með skýrum hætti á sölustað.

Birgjar skulu tryggja að viðeigandi upplýsingar um lífeldsneytið, einkum magn fitusýrumetýlesters í díseldsneyti, séu tilgreindar með skýrum hætti á sölustað.

Hafa ber í huga að kröfur um sérstaka tilgreiningu á sölustað geta verið mjög íþyngjandi fyrir söluaðila. Slíkar kröfur geta valdið óhagræði sem aftur getur dregið úr þeim hvötum sem lög nr. 40/2013, og þær

Evrópugerðir sem þau innleiða, eiga að skapa. Orðalag og efni ákvæða laga nr. 40/2013 og reglugerðar nr. 960/2016 skarast og hætta er á söluaðilum og neytendum geti reynst erfitt að ná réttri mynd af þeim.

Í framangreindu samhengi telja SVP verulegt tilefni til að endurskoða 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 960/2016 samhliða þeim lagabreytingum sem áformaðar eru. Þær breytingar ættu að hafa það markmið að draga eins og fremst er unnt úr þeim kröfum sem gerðar eru til tilgreiningar upplýsinga um lífoldsneyti á sölustað.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

Reykjavík, 5. febrúar 2020

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
anr@anr.is

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 40/2013 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi (skýrsluskil o.fl.).

Hinn 22. janúar sl. birti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið drög að frumvarpi til breytinga á lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, nr. 40/2013, á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is. Frumvarpsdrögin hafa verið yfirfarin á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu.

Í frumvarpsdrögunum eru settar fram tillögur um lagabreytingar í ljósi töku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1513 frá 9. september 2015 upp í EES-samninginn, samanber ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2019 frá 29. mars 2019. Af 8. tölul. 2. efnisgreinar tilskipunarinnar leiðir að brott fellur eftirfarandi 1. mgr. 21. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB:

Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingum sé miðlað til almennings um framboð og umhverfislegan ávinning af öllum mismunandi gerðum orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til flutninga. Þegar hlutfall lífildsneytis sem blandað er í jarðolíuafleiður fer yfir 10% miðað við rúmmál skulu aðildarríkin krefjast þess að það sé tilgreint á sölustöðum.

(Undirstrikun SVP)

Efni 2. másl. framangreindrar 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2009/28/EB var innleitt með 5. mgr. 3. gr. laga nr. 40/2013. Samkvæmt b-lið 1. gr. frumvarpsdraganna stendur til að fella þá málsgrein brott en hún er svohljóðandi:

Ef hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis er meira en 10% af rúmmáli eldsneytisblöndu skal slíkt vera tilgreint með skýrum hætti á sölustað.

Skilningur SVP er að brottfallið muni eiga sér stað í nánnum tengslum við breytingar á viðmiðum orkugilda heildarsölu eldsneytis. Vegna nýrra viðmiða verður sérstök tilgreining yfir 10% hlutfalls endurnýjanlegs eldsneytis af rúmmáli eldsneytisblöndu í raun óþörf á sölustað.

Í framangreindu ljósi vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvort ekki sé tilefni til breytinga á 2. másl. 3. mgr. 4. gr. og 2. másl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um gæði eldsneytis, nr. 960/2016, sem eru svohljóðandi:

Birgjar skulu tryggja að viðeigandi upplýsingar um lífildsneytisinnihald bensíns, einkum um viðeigandi notkun á mismunandi bensínblöndum séu tilgreindar með skýrum hætti á sölustað.

Birgjar skulu tryggja að viðeigandi upplýsingar um lífoldsneytið, einkum magn fitusýrumetýlesters í dísileldsneyti, séu tilgreindar með skýrum hætti á sölustað.

Hafa ber í huga að kröfur um sérstaka tilgreiningu á sölustað geta verið mjög íþyngjandi fyrir söluaðila. Slíkar kröfur geta valdið óhagræði sem aftur getur dregið úr þeim hvötum sem lög nr. 40/2013, og þær Evrópugerðir sem þau innleiða, eiga að skapa. Orðalag og efni ákvæða laga nr. 40/2013 og reglugerðar nr. 960/2016 skarast og hætta er á söluaðilum og neytendum geti reynst erfitt að ná réttu mynd af þeim.

Reglugerð nr. 960/2016 er sett á grundvelli ákvæðis 13. tölul. 11. gr. efnalaga, nr. 61/2013. Efnislega er í því ákvæði kveðið á um skyldu ráðherra til að setja, að fengnum tillögum umhverfisstofnunar, reglugerð um eldsneyti, þ.m.t. um:

- a) Virkni kerfa til endurheimtar bensínufu, sbr. 47. gr. f laganna,
- b) reglubundnar skoðanir á virkni kerfa til endurheimtar bensínufu, sbr. 47. gr. g laganna,
- c) upplýsingar til neytenda, sbr. 47. gr. h laganna (um tilvist búnaðar til að endurheimta bensínufu),
- d) brennisteinsinnihald í eldsneyti, sbr. 47. gr. i laganna (takmarkanir),
- e) skyldur skipstjóra og skipaeldsneytisbirgja, sbr. 47. gr. j (skráning upplýsinga),
- f) upplýsingar um brennisteinsinnihald, sbr. 47. gr. k (heimild Umhverfisstofnunar til sýnatöku og aðgangs að gögnum),
- g) gæði eldsneytis, sbr. 47. gr. l (gæðakröfur sem skilyrði markaðssetningar),
- h) skyldur eldsneytisbirgja, sbr. 47. gr. m (vöktun og skýrslugerð),
- i) viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti, sbr. 47. gr. n (útreikningar og aðgengi að upplýsingum),
- j) útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda frá lífoldsneyti á vistferli, sbr. 47. gr. o,
- k) málmíblöndunarefni, sbr. 47. gr. p (merkimiði fyrir neytendur um málmíblöndunarefni í eldsneyti).

Hvorki verður ráðið af lestri framangreindra ákvæða 47. gr. f–47. gr. p né lögskýringargagna að það hafi beinlínis staðið til að í reglugerð yrði gerð krafa um tilgreiningu „viðeigandi upplýsingar um lífoldsneytisinnihald“ á sölustað eldsneytis. Ekki verður heldur séð að slíka kröfu megi með góðu móti leiða af öðrum ákvæðum laga nr. 61/2013. Þá fá SVP ekki betur séð en að slík krafa verði ekki leidd með beinum hætti af ákvæðum þeirra Evrópugerða um eldsneyti sem hafa verið innleiddar í íslenskan rétt með lögum nr. 61/2013 eða stjórnvaldsfyrirmælum sem hafa verið sett á grundvelli þeirra laga.

Í þessu sambandi rétt að benda á að í 2. kafla greinargerðar frumvarpsdraganna koma fram áform um setningu nýrrar reglugerðar í stað reglugerðar nr. 560/2007 sem reyndar var felld brott með reglugerð nr. 960/2016. Verða þessi áform ekki skilin öðru vísi en svo að til standi að setja nýja reglugerð í stað reglugerðar nr. 960/2016 og þá á grundvelli ákvæða 13. tölul. 1. mgr. 11. efnalaga nr. 61/2013.

Að lokum leyfa SVP sér að benda á að markmið laga nr. 40/2013 er að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti. Þetta markmið er svo í meginatriðum útfært í 3. gr. laganna þar sem settar eru kröfur um að tiltekið orkugildi heildarsölu eldsneytis séu úr endurnýjanlegu eldsneyti. Markmið reglugerðar nr. 960/2016 er að miklu leyti hið sama. Að mati samtakanna

væri tilefni til að leggja í vinnu við að samræma framangreind markmið og þau ákvæði sem þau útfæra.

Í framangreindu samhengi telja SVP verulegt tilefni til að endurskoða 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 960/2016 samhliða þeim lagabreytingum sem áformaðar eru. Þær breytingar ættu m.a. að hafa það markmið að draga eins og fremst er unnt úr þeim kröfum sem gerðar eru til tilgreiningar upplýsinga um lífoldsneyti á sölustað, þ.e. að fella brott efnisákvæði 2. másl. 3. mgr. 4. gr. og 2. másl. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um gæði eldsneytis, nr. 960/2016. Að sama skapi ætti að leggja í vinnu við að samræma efnismarkmið og -ákvæði laga nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, og efnismarkmið og -ákvæði reglugerðar nr. 960/2016, um gæði eldsneytis.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur

Afrit:

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
uar@uar.is